

Sp.

35. Tillaga

til þingsályktunar um einkasölu á steinolíu.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Hjeðinn Valdimarsson, Jón Baldvinsson,
Sigurjón Á. Ólafsson, Erlingur Friðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að neyta heimildar laga nr. 77, 14. nóv. 1917, til þess að taka í sínar hendur einkasölu á allri steinolíu, sem til landsins flyst, hvort heldur er bensín, ljósaolía, venjuleg mótórolía eða hráolía.

Greinargerð.

Tillaga þessi er nær samhljóða tillögu til þingsályktunar, sem flutt var á síðasta Alþingi, en eigi fækst afgreidd þá. Breytingin er sú ein, að hjer er nánar tilgreint, að heimildin skuli ná til allra tegunda af steinolíu, hvort sem þær eru mikið eða lítið hreinsaðar.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi tillögunni í fyrra, og framsöguræðu þá.